



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í Mannfræði**

Nafnið smitaðist yfir á Sigga skinku
Menning, viðurnefni og sjálfsmynd eyjamanna

Margrét Júlía Ingimarsdóttir

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson, dósent
júní 2022

FÉLAGSFRÆÐI,-MANNFRÆÐI- OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Nafnið smitaðist yfir á Sigga skinku
Menning, viðurnefni og sjálfsmynd eyjamanna

Margrét Júlía Ingimarsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í Mannfræði

Leiðbeinandi: Sveinn Eggertsson, Dósent

Félagsfræði,- Mannfræði- og Þjóðfræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

júní 2022

Nafnið smitaðist yfir á Sigga skinku.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Félagsfræði,-
Mannfræði- og Þjóðfræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2022 Margrét Júlía Ingimarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2022

Formáli

Þessi ritgerð er lokaverkefni mitt í BA-námi í mannfræði við Háskóla Íslands og er 12 eininga ritgerð. Ég vill byrja á að þakka samnemendum mínum fyrir að hafa stytt mér stundir á liðnum árum og fyrir alla hjálpina í gegnum árin. Sama er hægt að segja um þá kennara sem hafa kennt mér í mannfræði, þá sérstaklega Sveini Eggertssyni sem var leiðbeinandi minni í þessari ritgerð. Einnig vil ég þakka fjölskyldunni minni og maka fyrir endalaust löng spjöll um námið í gegnum árin, ótrúlegan stuðning og alla hjálp sem þau gátu veitt. Sérstakar þakkir fær systir mín, Arndís Bára fyrir að hafa lesið yfir ritgerðina mína. Síðan eru það vinkonur mínar sem hafa hjálpa mér, dregið mig áfram og verið mikil stoð á meðan þessi skrif fóru fram.

Útdráttur

Tilgangur þessarar ritgerðar er að skoða og útskýra menningu viðurnefna í Vestmannaeyjum og það hvernig sögulegir atburðir hafa einnig haft áhrif á menninguna. Það sem hefur sennilega orðið til þess að Eyjamenn fóru að skapa sína eigin menningu. Vestmannaeyjar eru staðsettar við suðurströnd Íslands. Vestmannaeyjar hafa sögulega séð verið mjög einangraðar, það var ekki fyrr en á miðri 20.öld sem greið leið var fyrir Eyjamenn að sækja meginlandið.

Það að hafa verið einangruð í svona langan tíma gaf þeim þann möguleika að móta sér alls kyns siði, hefðir og venjur sem ekki er að finna á meginlandi Íslands, á borð við lundaveiði, lundapysju veiðar og fleira. Þessi ritgerð fer yfir þessi málefni og það sem gerir menningu Eyjamanna einstaka og einnig fer hún yfir þá sögulegu atburði sem settu sitt stirk í menningu og samfélagið. Einnig verður skoðað hvað það er sem mótaði sjálfsmynd Eyjamanna í samhengi við menninguna. Ritgerðin skoðar einnig hvernig viðurnefnin í Vestmannaeyjum eru í ljósi mannfræðinnar. Það hvernig viðurnefnin geta haft félagslegar afleiðingar fyrir einstaklinga og það hvernig viðurnefnin eru leið fyrir samfélagið að setja reglur innan þess. Ritgerðin mun velta því fyrir sér hvort að viðurnefnin séu birtingarmynd eineltis, valdbeitingar og einnig mun vera farið yfir jákvæð viðurnefni og hvaða áhrif þau geta haft.

Abstract

The purpose of this thesis is to explore and explain the culture of nicknaming in Westman Islands, and historical events that have shaped the culture of Westman Islands. Westman Islands are located off the south coast in Iceland. The society was isolated from the rest of Iceland until the middle of the 20. century when Herjólfur, the local ferry, started sailing between the mainland of Iceland and Westman Islands. The fact that Westman Islands were isolated for so long made them have a bit of their own culture separated from the culture of Iceland. The thesis will also look at the collective identity of the locals and how the culture has shaped the collective identity. It will explore what it is within the culture of Westman Islands that makes it different and also historical events that set their mark on the society. The last part of the thesis will look at the culture of nicknaming from the view of anthropology. How the nicknames can have social consequences for the people and how the nicknames are a form to set social rules for the locals. This thesis will also debate whether the nicknames are a form of power or bullying. But it will also cover how the nicknames can be positive.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Útdráttur	5
Abstract.....	6
1 Inngangur.....	8
2 Kenningalegur grunnur	10
2.1 Menning, sjálfsmynd menningar og virknishyggja.....	10
2.2 Landslag og heimaslóð	11
2.3 Sjálfsmynd einstaklinga, veruháttur og orðræða.....	12
3 Saga Vestmannaeyja.....	14
3.1 Þar sem lundinn er ljúfastur fugla	14
3.2 Þrátt fyrir bölg og alheimsstríð, verður Þjóðhátíð	17
3.3 Rennilás rólega rennt eftir jörðinni	19
4 Viðurnefni í Vestmannaeyjum	23
4.1 Mannfræði nafna	23
4.2 Viðurnefni eða uppnefni	25
4.3 Valdbeiting eða grín ?.....	28
5 Umræða og lokaorð	32
Heimildaskrá	36

1 Inngangur

Það sem greip mig strax inn í mannfræðina á fyrstu vikum námsins var þegar kennari sagði í tíma að mannfræði væri að sjá það framandi í hinu hversdagslega og sjá það hversdagslega í hinu framandi. Að sjá það framandi í mínum hversdags heimi er einmitt það sem ég ákvað að gera. Sjálf er ég fædd og uppalinn í Vestmannaeyjum og gerði ég mér litla grein fyrir því að menningarumhverfið sem ég ólst upp í væri öðruvísi en menningarumhverfi barna á meginlandinu. En því meira sem ég sat í háskólanum því meira fór ég að taka eftir því að ég notaði önnur orð en vinir mínir og samnemendur og ég talaði öðruvísi um fólk. Einnig voru samnemendur mínir ekki lengi að benda mér á að ég hefði tilhneigingu til að benda þeim á að ég er frá Vestmannaeyjum. Því finnst mér tilvalið að lokaritgerðin mín endurspegli það sem ég er þekktust fyrir meðal samnemenda, að vera frá Vestmannaeyjum.

Menning Vestmannaeyja verður skoðuð og fjallað verður um helsta menningareinkenni Vestmannaeyja sem höfundur tekur eftir, sem eru viðurnefni og sögur um Eyjamenn. Það er að segja fólk er alltaf með annað fólk á milli tannanna. Það þarf hvorki að vera neikvætt né jákvætt. En annað einkenni sem ríkir almennt á Íslandi er samstaða enda er landið fámennnt, en góðmennt. Samstaða í Vestmannaeyjum er gífurlega mikil og hjálpsæmi líka. Það er annað menningareinkenni Vestmannaeyja. Þrátt fyrir að viðurnefnin og samstaðan séu atriði sem hafa lengi fylgt litla einangraða samfélaginu í Vestmannaeyjum tel ég að það hafi verið sögulegur atburður sem átti sér stað sem skvetti olíu á þetta bál menningar í Vestmannaeyjum. Það var Heimaeyjargosið árið 1973, en þar myndast ótrúleg samstaða á milli Vestmannaeyinga og eitt merkilegasta viðurnefnið verður til, það er AKP.

Bókin *Viðurnefni í Vestmannaeyjum* (2008) eftir Sigurgeir Jónsson var kveikjan að hugmyndinni um að skoða viðurnefnin í Vestmannaeyjum með augum mannfræðinnar en sömuleiðis var grein í morgunblaðinu frá árinu 2008, eftir Gísla Pálsson sem ég las rétt áður en ég byrjaði í mannfræðinni. Bókin og greinin eiga það sameiginlegt að þau fjalla um það sama, viðurnefnin en frá mismunandi sjónarhornum. Bókin fjallar um ýmis viðurnefni sem hafa verið notuð og /eða eru enn í notkun samfélaginu í eyjum. Sigurgeir, höfundur bókarinnar gerir grein fyrir því í formála að hann meinti ekkert illt

með útgáfu bókarinnar heldur er hún rituð til skemmtunar eða til þess að kynna fólki menningar einkenni Vestmannaeyja - en á kostnað hvers? Aðgát skal höfð í nærveru sálar og það á sérstaklega við í samfélagi sem er jafn þétt og í Vestmannaeyjum. Í bókinni sem ég fékk lánaða, var búið að skrifa „Mikið megum við skammast okkar“. Mér finnst það vera gífurlega lýsandi fyrir hvernig Eyjamenn taka í þetta menningareinkenni. Því fjalla ég um það út frá sjónarhorni mannfræðinnar. Hvað nöfn eru og hver er tilgangur þeirra. Því nafn er svo mikið meira en bara nafn. Mér fannst einnig sláandi að eigandi bókarinnar skrifar þetta inn í bókina og það gefur til kynna að svona sé samfélagið eða menningin í Eyjum og þessi fimm orð sem eru rituð í bókina eru mjög gildishlaðin þó fá séu.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar verður farið yfir kenningarlegan grunn og þau hugtök sem fram munu koma í ritgerðinni, á borð við menningu, orðræðu og sjálfsmynd. Síðan í öðrum kafla verður farið yfir sögu Vestmannaeyja og það sem höfundur telur að hafi mótað menninguna þar sem mest. Þar mun til dæmis vera fjallað um hefðir, siði, hátíðarhöld eyjamanna og allra helst um Heimaeyjargosið þar sem höfundur telur að það hafi mótað sjálfsmynd eyjamanna mikið, sá kafla er heldur drjúgur en mikilvægur fyrir samhengi ritgerðarinnar. Í þriðja kafla verður fjallað um viðurnefnin sjálf í ljósi mannfræðinnar, en þar sem höfundur telur óþarft að greina frá raunverulegum nöfnum einstaklinga, þar sem viðurnefnin eru sum eins og salt í ógróin sár, hefur flestum eiginnöfnum í þessari ritgerð verið breytt og hafa allir fengið ný nöfn í samhengi við viðurnefnið. Er það gert vegna siðferðilegra sjónarmiða og ábyrgðar höfundar, en þar sem bókina hefur verið gefin út mun vera fjallað um efnisinntak hennar. Að þeim kafla loknum verður farið yfir niðurstöður og umræðu.

2 Kenningalegur grunnur

Í þessum kafla ritgerðarinnar verður farið yfir þau hugtök og kenningar sem notuð verða í ritgerðinni til þess að útskýra menningu Vestmannaeyja og einkenni menningarinnar.

2.1 Menning, sjálfsmynd menningar og virknishyggja

Mannfræðingar virðast oft og tíðum ekki vera alveg sammála um það hvað menning (e. *culture*) er hverju sinni, enda er hugtakið menning huglægt mat hverju sinni.

Skilgreiningin sem notast verður við í þessari ritgerð er sú að menning er sameiginlegur uppruni og/eða sameiginlegt landsvæði, þar sem einstaklingar deila tungumáli, gildum og viðmiðum. Menning er sameiginleg hegðun samfélagsins (Cowan, 2006). Þar sem einstaklingar deila svipuðum táknrænum gildum og hegðun, sem hefur sameiginlegan grunn í tungumáli (Barnard & Spencer, 2011, bls. 213). Allir menningarhópar eiga það sameiginlegt að það býr ákveðin saga að baki. Menningin er því háð sögu samfélagsins og hefur sagan mótað sjálfsmynd þess. Til þess að skilja menninguna í nútíma mynd þarf því að rekja sögu menningarinnar (Barnard & Spencer, 2011, bls. 188).

Mikilvægt er að skilja sjálfsmynd menningar eða samfélags (e. *collective identity*), vegna þess að hún er lýsandi fyrir menninguna. Sjálfsmynd hóps er mótuð af umhverfi, sögu og menningu þeirra, það er hvernig samfélagið sem heild lítur á sig, hegðun sem þau telja vera viðeigandi og þar sem viðmið fyrir samfélagið eru sett fram. Það að samfélag eða menning hefur sjálfsmynd, gefur samfélaginu ákveðin viðmið. Yfirleitt er sjálfsmynd menningar háð menningunni, það er að segja þeir einstaklingar sem tilheyra sjálfsmyndinni þurfa að tilheyra menningunni (Hazel, 2014). Sjálfsmynd menningar rétt eins og sjálfsmynd einstaklings er að ákveðnu leyti mótuð af fyrri sögu, þá fyrri sögu menningarinnar, og þannig verður til sameiginleg sjálfsmynd út frá sögu og menningu, þar sem fyrrum harmleikur lifir enn með fólkinu í sínu daglega lífi, en hversdags líf einstaklinga er ekki alltaf svo frábrugðið lífi samfélagsins. Til dæmis þegar samfélag hefur upplifað harmleik saman, á það til að móta sjálfsmynd menningar (Dane & Griessman, 1972).

Virknishyggja er kenning sem fyrst kom fram frá Auguste Comte og Herbert Spencer, en þeir héldu því fram að samfélagið væri eins og lífvera og til þess að

samfélagið næði að þrífast þyrftu allir þættir þess að virka og vinna saman, rétt eins og öll líffæri lífveru þurfa að sinna sínu hlutverki svo hún dafni vel. Bronislaw Malinowski var einn af helstu talsmönnum virknishyggjunnar og hann notaði kenninguna um virknishyggju til þess að útskýra menningu Tróbríanda, en til þess að skilja galdratrú sem þau aðhyllast, þurfti einstaklingurinn að þekkja kanóagerð Tróbríanda, og til þess að skilja samfélagið þurfti einstaklingar að skilja kula-hringinn og hvaða áhrif það hafði á samfélagið í heild. Hann taldi að fræðimenn innan mannfræðinnar ættu að skoða það hvernig einstaklingurinn virkar inn í samfélagi og þá einnig hvernig ólíkir þættir menningarinnar virkuðu innan samfélagsins. Taldi hann að ganga ætti út frá því að einstaklingurinn sem væri miðpunkturinn, það er hvernig einstaklingurinn virkar í samfélaginu og hvernig samfélagið heftir einstaklinginn og hans þarfir, en það er þó deilt um það meðal fræðimanna. Emile Durkheim taldi að samfélagið væri mótað af ýmsum mismunandi þáttum í líkingu við það hvernig líffærin vinna saman og halda líkamanum starfandi. Þannig héldu mismunandi þættir samfélagsins því gangandi, líkt og sífjar, pólitík og trú, en hann taldi einnig að trúin mótaði siðareglur samfélagsins (Alan Barnard, 2004).

2.2 Landslag og heimaslóð

Landslag (e. *landscape*) frá kenningu Tim Ingolds er ekki einungis hlutlaust umhverfi eða uppspuni minninga mannsins, heldur er það samspil þessa tveggja þátta. Landslag er ekki bara náttúran heldur verður það hluti af mannfólkinu og menningunni. Landslagið samkvæmt Tim Ingold er samspil milli menningar og náttúru, eða mannsins og náttúru. Maðurinn sest að í náttúrunni og býr þar til sitt eigið landslag í tengingu við menninguna og náttúruna. Landslagið er ekki bara landið sjálft, heldur er það mótað af mannum og menningunni. Til þess að skilja landslag menningar þarf að skilja viðhorf þeirra sem búa við landslagið og hvernig samspil náttúru og menningar fellur saman í landslag.

Maðurinn lifir með landslaginu, en ekki í því. Landslagið er hluti af menningunni og menningin er hluti af landslaginu. Þar má til dæmis nefna Eldfell og hraunið sem undan því kom. Landslagið er eins og málverk, þar sem fólk sér er háð því hverju það er að leita eftir eða þeirra menningu sem það tilheyrir (Ingold, 1993). Það sem mannfræðingar eiga við þegar talað er um landslag er að landslagið er mótað af fólki út frá þeirra daglegu athöfnum, bæði efnislega og á táknrænan hátt. Landslagið er mótað með samspili

mannsins, menningar og náttúru. Landslag gefur landsvæðinu merkingu fyrir fólkinu og er í stanslausri mótun af þeim sem tilheyra menningunni, fólkið er því alltaf að móta landslagið upp á nýtt og náttúran er alltaf að móta menninguna upp á nýtt (Filippucci, 2016).

Innan mannfræðinnar hefur lengi verið byggt á því að heimahagar og heimili móti manninn. Það er svo margt innan mannfræðinnar sem á sér stað á heimilinu, allt frá hlutverkum, með hliðsjón af kyni, sifjum og stétt. En heimilin hafa oft fallið í bakgrunn, það er að segja að þau hafa ekki alltaf verið aðalatriði heldur hafa þau frekar verið vettvangur þar sem rannsóknir áttu sér stað frekar en rannsóknarefnið sjálft. Heimili er mjög mikilvægt innan mannfræðinnar þar sem flestar manneskjur eiga það sameiginlegt að eiga heimili á einn hátt eða annan. Heimili eiga sterkan þátt í því að móta hver eða hvernig einstaklingurinn verður. Heimili þarf í þessu samhengi ekki að vera tengt við útveggi og þak, heldur tilfinningar og upplifun. Heimili er því ekki bara hús, það er einfaldlega fyrirbæri sem vekur upp minningar um hvar og hvernig viðkomandi ólst upp. Heimili er vettvangur mannfræðinnar þar sem einstaklingar finna fyrir öryggi og eru tilbúnir að vera þeir sjálfir og berskjalda sig og þar eiga sér því stað nán samskipti. Heimili er oft og tíðum hluti af upplifun eða veruhætti mannsins, frekar en að vera tengt húsnæðinu sem slíku (Samanani & Lenhard, 2019).

2.3 Sjálfsmynd einstaklinga, veruháttur og orðræða

Sjálfsmynd einstaklingsins (e. *identity*) er háð því menningarumhverfi sem hann er í hverju sinni. Sjálfsmynd einstaklings er mótuð af mörgum þáttum, allt frá nafni, kyngervi, uppruna, stétt og fleiru. Sjálfsmynd einstaklings staðsetur hann innan samfélagsins og gefur honum félagslegt auðkenni, sem gerir hann að hluta hópsins. Einnig er hægt að segja að sjálfsmynd er háð því hlutverki sem einstaklingur tekur að sér, til dæmis það að vera nemandi verður hluti af því hver einstaklingurinn er (Hoffman, 1998).

Hver við erum er einnig hluti af veruhætti einstaklingsins. Veruháttur er kenning innan félagsvísinda sem Pierre Bourdieu setti fram. Hann taldi veruhátt (e. *habitus*) vera sá rammi sem einstaklingurinn lifir innan, það er hvernig við lifum innan okkar veruleika. Umhverfi, sjálfsmynd og menning mótar veruhátt einstaklingsins og felur hann í sér

óskrifaðar reglur sem einstaklingur fer eftir. Veruháttur einstaklingsins mótast jafnframt í gegnum félagslega hegðun hans (Barnard & Spencer, 2011, bls. 772). Veruháttur endurspeglar sögu sem mótar bæði veruhátt einstakling og hópa. Þar sem veruháttur einstaklings hefur áhrif á veruhátt hópsins, einnig hefur veruháttur hóps áhrif á veruhátt einstaklingsins (Bourdieu, 2012, bls. 495). Veruháttur hópar varðveitir ekki bara þekktu sögu menningar eða einstaklinga heldur varðveitir hann einnig þá sögu sem hefur gleymst. Sagan býr ómeðvitað í umhverfi einstaklinga og verður þar með hluti af veruhætti hans. Þannig með veruhætti öðlast einstaklingurinn eða hópurinn menningarlegan eða félagslegan arð (Bourdieu, 2012, bls. 497).

Í orðræðunni ríkir vald, Michel Foucault var fyrstur til að setja fram kenningar um orðræðu (e. *discourse*). Í mannfræði er hægt að skipta kenningum um orðræðu í tvennt, það er þá annað hvort út frá málfræðilegri mannfræði eða út frá kenningu póst-strúktúralisma, þar sem kenning Foucault um orðræðu kemur fram, út frá þeirri kenningu er hægt að tala um vald. Vald sem þeir sem stjórna orðræðunni hafa. Michel Foucault var einn af brautryðjendum þegar kom að orðræðu og sóttist eftir því að leita svara við því af hverju ein staðhæfing er rétt frekar en önnur. Það sem mótar orðræðuna hverju sinni er sagan og menningin, það er hvað má segja og hvað má ekki segja, en það mótast oft og tíðum út frá menningunni, frekar en sögunni (Barnard & Spencer, 2011, bls. 246) Það er samt ekki orðið í orðræðunni sem er tólið til valds heldur er það hvernig það er sagt eða sett fram, það hvað er sagt og hvað er ekki sagt. Staðhæfing er til dæmis ekki mótuð af tungumálinu heldur orðræðunni. Samhengi orða skiptir einnig máli og mótar hver þýðing orðræðunnar er að hverju sinni (Foucault, 2002, bls. 95). Samkvæmt því sem Foucault sagði er orðræða staðhæfing sem veitir tungumálinu ákveðna merkingu eða samhengi og út frá því mótast síðan þekking. Orðræða er mótuð af þekkingu og tungumáli, en það sem mótar hvoru tveggja er menningin. Félagslegar athafnir innan menningarinnar eru það sem mótar orðræðuna hverju sinni, en á móti er orðræðan breytileg eftir menningunni á hverjum stað. Orðræðan mótar staðhæfinguna, skilgreinir hana og skilar henni út í menninguna. Hlutir, orð eða félagslegar athafnir hafa enga merkingu án orðræðunnar. Samkvæmt þeim rannsóknnum sem Foucault gerði á orðræðu um geðveiki og kynhneigð, tók hann eftir því að með orðræðunni setti samfélagið fram reglur yfir hvaða félagslegu athafnir þóttu í lagi og hvað væri ekki í lagi, sem samfélagið fór eftir. Þegar einstaklingur fer gegn því

sem samfélagið hefur samþykkt getur það haft neikvæðar afleiðingar fyrir hann sjálfan og jafnvel samfélagið í heild. Síðan út frá því getur mótast ákveðin orðræða um atferlið og í því er fólgið vald. Valdið verður til þegar samfélagið hefur sett viðmið út frá orðræðunni og þar með er valið að hverju sinni hvað er réttur sannleikur (Foucault, 1981).

3 Saga Vestmannaeyja

Sagan mótar menningu og menning mótar söguna, en til að þess að geta fjallað um séreinkenni Vestmannaeyja þarf að skilja söguna sem liggur á bak við eyju sem fyrir minna en hundrað árum var frekar einangruð frá meginlandi Íslands. Það sem hefur mótað menningu Vestmannaeyja, sögulega séð eru hefðir og siðir, hátíðarhöld, landslagið og þá sérstaklega Heimaeyjargosið. Allt þetta hefur mótað sjálfsmynd eyjamanna ásamt því að móta menninguna í Eyjum.

Talið er að nafnið Vestmannaeyjar hafi orðið til eftir að þrælur Hjörleifs, fósturbróðir Ingólfs Arnarsonar hafi flúið til eyjanna eftir að hafa myrt Hjörleif. Þeir voru kallaðir Vestmenn og því fengu eyjarnar nafnið Vestmannaeyjar. Einnig voru örnefni í Vestmannaeyjum sem nefnd voru eftir þrælunum. Meðal annars Helgafell eftir Helga og Duftþekja eftir Duftþaki (Visit Vestmannaeyjar, 2022). Byggð hefur verið í Vestmannaeyjum frá landnámsárum, en ekki er hægt að fullyrða hverjir tóku þar fyrst land en flestir fræðimenn telja að það hafi verið Herjólfur Bárðarson sem settist að við Ægisdyr í Herjólfsdal og talið er að dalurinn sé nefndur eftir honum. Herjólfur settist að í Vestmannaeyjum á 9.öld og hefur verið byggð í Eyjum síðan (Guðlaugur Gíslason, 1982, bls. 14). Vestmannaeyjar fengu kaupstaðarréttindi 1. janúar árið 1919 og er talið að sá dagur sé stofndagur Vestmannaeyjabæjar (Sara Sjöfn Grettisdóttir, 2019, bls. 16).

3.1 Þar sem lundinn er ljúfastur fugla

Eyjamenn hafa lengi haldið sína eigin siði og hafa sterk menningareinkenni. Má þar helst nefna menningu í kringum lundann. Eyjamenn veiða lunda til matar en pysjurnar til björgunar (Ingibjörg Finnbogadóttir, 1983). Um verslunarmannahelgi, eða þjóðhátíðarhelgina eins og Eyjamenn kalla hana hefst nýtt tímabil í menningarári

eyjamanna, pysjutímabilið. Það er tímabilið þegar pysjan, afkvæmi lundans fer að stefna á hafið í fyrsta sinn. Oft og tíðum villast þær og fljúga í átt að ljósi sem þær sjá og stefna því inn í bæinn. Þá hefst björgunarstarf eyjamanna, þar sem það þarf að bjarga pysjunum frá hættunum sem leynast í bænum, þá aðallega bílum og köttum (Ólöf Ragnarsdóttir, 2020). Á síðsumars kvöldum keppast Eyjamenn við það að bjarga pysjum og safna þeim í kassa áður en haldið er heim. Daginn eftir eru pysjurnar færðar í pysjueftirlitið, sem hefur verið starfandi frá árinu 2003 þar sem þær eru skoðaðar og vigtaðar, auk þess sem haldið er utan um fjölda veiddra pysja svo auðveldara sé að fylgjast með lundastofninum. Síðan er pysjunum sleppt aftur út á haf. Þeir elstu menn sem í Eyjum búa hafa munað eftir því, að þetta hafi verið gert frá því að þeir voru börn, það er að segja að bjarga pysjum og sleppa þeim aftur út á haf (Pysjueftirlitið, 2020).

Það er ekki vitað hvenær Eyjamenn fóru að nýta sér lundann til matar en talið er að upphaf þess megi rekja til fyrstu landnámsmanna sem tóku land í Vestmannaeyjum, þar sem þeir hafi þurft að nýta allt sem mögulega var hægt að nýta. Eyjamenn gerðu sér tól til þess að veiða lundann. Greifill er eitt af þeim tólum, tvær mismunandi gerðir eru til af greifli, lang greifill og stutt greifill. Greifill er spjót ýmist stutt eða langt þar sem krókur er setur á annan enda og spaði á hinum. Veiðimaðurinn notaði greifilinn þannig að ef hann sá ummerki um lunda fór hann með greifilinn inn í lundaholuna dróg lundann út og var þetta tól notað til lundaveiða allt til ársins 1880. En á tímabilinu 1850 til 1860 fóru Eyjamenn að veiða lunda með neti, lagnet, uppistöðu neti og yfirsláttar neti. Þessar aðferðir þóttu ekki góðar og var sett bann á þessar veiðiaðferðir árið 1869. Árið 1875 fóru Eyjamenn svo að veiða lunda með háf og er hann veiddur á þann hátt enn í dag. Á árum áður nýttu Eyjamenn lundann mikið til matar, en í dag er það ekki algengt og er lundinn er aðallega borður til hátíðarbrigða í kringum Þjóðhátíð. Áður fyrr nýttu Eyjamenn allt sem þeir gátu úr lundanum, það var nánast engu hent. Lundinn var borðaður fljótlega eftir að hann var veiddur og var hann þá yfirleitt soðinn eða steiktur. Síðan var soðið af lundanum nýtt til að gera lundasúpu. En síðar var lundinn einnig reyktur og er hann í dag aðallega borðaður reyktur eins og segir hér áður sem nokkurs konar hátíðarmatur í kringum Þjóðhátíð og er orðinn hluti af Þjóðhátíðar menningunni. Lundinn er veiddur mið og síðsumars þegar pysjurnar eru komnar á legg (Ingibjörg Finnbogadóttir, 1983). „Þar sem lundinn er ljúfastur fugla“ er texti sem Ási í bæ samdi á sínum tíma og fyrir eyjamönnum er lundinn ekki bara matur eða dýr sem áður þurfti að

Þjarga heldur er hann einnig sumarboði þar sem margir Eyjamenn telja að þegar lundinn er sestur sé sumarið komið (Eyjar.net, 2022).

Í tengslum við lundaveiðina eru úteyjafélög, eða veiðifélög, sem eru skírð í höfuðið á því svæði sem veitt er á. Alls eru félögin 7 talsins, í eyjunum Álsey, Bjarnarey, Brandi, Elliðaey, Heimaey, Suðurey og Ystikletti. Einnig sameinast öll félögin undir Bjargveiðifélagi Vestmannaeyja. Í þessum veiðifélögum eða úteyjarfélögum, eru einstaklingar sem eiga það sameiginlegt að stunda lundaveiðar. Í úteyjunum eru yfirleitt sérstök veiðihúsnæði þar sem félagsmenn dveljast á meðan veiðin stendur yfir. Úteyjarlífið þykir skemmtilegt og hefur ákveðna menningu út fyrir sig í eyjum (Árni Árnason, 2012, bls. 272). Félagsmenn í úteyjarfélögunum hafa aðallega verið karlmenn en árið 2020 var kona skráð í veiðifélagið Bjarnarey og er hún fyrsti kvenkyns meðlimur í úteyjarfélagi. Félagin eru frekar lokuð og erfitt að komast að því hvað gerist innan þeirra (Tígull, 2020). Ár hvert halda félögin lokahóf að liðnu veiðitímabili, en félögin skiptast á að halda Lundaballið ár hvert og er ballið og lokahófið öllum opið (Eyjar.net, 2017).

Félagslíf hefur lengi þótt vera mjög virkt í eyjum. Víða um bæinn má finna ýmsa klúbba og félög, eins og til dæmis vini Ketils bónda, Akóges eða átthagafélög landshlutanna í Eyjum (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 34). Íþróttafélögin hafa einnig lengi mótað menningu Vestmannaeyja og voru áður fyrr tvö félög sem nefndust Þór og Týr sem voru sameinuð undir nafninu ÍBV árið 1997 (Gísli Valtýsson, 2016).

Einnig fara sögur af því hvernig Eyjamenn halda öðruvísi upp á rauða daga en fólk á meginlandin, eða hátíðardaga á borð við sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní. Til dæmis segir sagan að Eyjamenn haldi ekki upp á sumardaginn fyrsta af sama tagi og meginlandið vegna þess að sumarið er alltaf komið á undan í eyjum, enda eru þær svo sunnarlega á landinu. Skýringin á bak við af hverju Eyjamenn fara ekki í kröfugöngu 1.maí er vegna þess að kjör launþega í Eyjum eru svo góð. En Eyjamenn halda að sjálfsögðu upp á alla þessa daga en með öðrum hætti en gert er á meginlandinu að sögn eyjamanna (Sigurgeir Jónsson, 2020, bls. 140-141). En þrátt fyrir að Eyjamenn haldi ekki hátíðlega upp á þessa daga þýðir ekki að þeir haldi ekki upp á önnur tilefni og geri sér glaðan dag.

3.2 Þrátt fyrir böll og alheimsstríð, verður Þjóðhátíð

Eyjamenn halda frekar upp á sínar eigin hátíðir heldur rauða daga. Þar má til dæmis nefna Þjóðhátíð, Þrettándan og Goslokahátíð. Allar þessar hátíðir eru stór hluti af menningu eyjamanna. Þjóðhátíð er sennilega sú hátíð sem flestir landsmenn þekkja en hátíðin er mjög stór hluti af menningu Vestmannaeyja og einnig af sjálfsmynd eyjamanna. Einnig er hægt að segja að það sé ákveðin sérmening í kringum Þjóðhátíð, nokkurs konar þjóðhátíðarmening. Þjóðhátíð í Eyjum er þriggja til fimm daga hátíð, það fer allt eftir því hvernig einstaklingurinn horfir á hana. Fyrir mörgum eyjamönnum stendur hún yfir í fimm daga og hefst á miðvikudegi fyrir verslunarmannahelgi þegar tjald hlaupið á sér stað en lýkur á mánudagsmorgni þegar fólk fer úr dalnum og tjöldin eru tekin niður. Á fimmtudeginum er haldið Húkkaraballið þar sem þeir sem sækja hátíðina fara á ball, sem áður fyrr, eins og nafnið gefur til kynna, var vettvangur fyrir gesti hátíðarinnar að finna sér félag eða maka fyrir helgina. Síðan hefst hátíðin formlega á föstudeginum með setningarathöfn inni í Herjólfsdal (Sigurgeir Jónsson, 2003).

Þjóðhátíð í Eyjum var haldinn í fyrsta sinn árið 1874 til þess að fagna 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar en sama ár fengu Íslendingar einnig sína eigin stjórnarskrá. Vestmannaeyingar voru ekki þeir einu sem héldu Þjóðhátíð af þessu tilefni en þar festist hefðin í sessi. Þjóðhátíð hefur nánast verið haldin hvert ár, allt frá árinu 1901 í Herjólfsdal, með nokkrum undantekningum, til dæmis á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar og á árum þar sem Covid-19 takmarkanir voru í gildi, það er að segja árið 2020 og 2021. Frá árinu 1916 hafa íþróttafélög eyjanna haldið hátíðina, en það var Þór sem reið á vaðið árið 1916 og hélt hátíðina undir formerkjum íþróttahreyfingarinnar í fyrsta sinn. Frá þriðja áratug 20. aldarinnar skiptust íþróttafélögin Þór og Týr á að halda hátíðina og var mikil samkeppni á milli íþróttafélaganna sem er talin vera ástæða fyrir því að hátíðin hefur vaxið ár frá ári. Keppnisskapið hefur alltaf verið ríkt í Eyjamönnum og hefur mótað þessa stærstu hátíð landsins. Félagin Þór og Týr voru svo sameinuð árið 1997 undir merkjum ÍBV eða Íþróttabandalagi Vestmannaeyja. Allt frá því hefur ÍBV haldið hátíðina. Á árum áður voru íþróttir stór hluti af hátíðinni, en þá var keppt í hinum ýmsu íþróttum, sem var hluti af dagskrá hátíðarinnar, en sú hefð er ekki enn til staðar þrátt fyrir að íþróttastarf Eyjanna standi fyrir hátíðinni. Það eru 3 viðburðir á hátíðinni sem setja sitt sérkenni á hana, það er brennan á Fjósakletti, flugeldasýningin á laugardeginum og

brekkusöngurinn á sunnudeginum. Brennan á Fjósakletti var haldinn í fyrsta sinn árið 1929 og frá árinu 1942 hefur brennukóngur tendrað í brennunni. Flugeldar hafa verið stór hluti af Þjóðhátíð frá því árið 1903 og er í dag ein stærsta flugeldasýning á landinu. Síðan er það brekkusöngurinn sem Árni Johnsen hélt í fyrsta sinn árið 1977 og er að margra mati hápunktur hátíðarinnar, þegar allir gestir eru sameinaðir í söng.

Þrátt fyrir böll og alheimsstríð, verður haldin Þjóðhátíð, hefur oft ómað frá Eyjamönnum og var það sagt eftir Heimaeyjargosið 1973, það ár fór Þjóðhátíð ekki fram með hefðbundnu sniði, heldur var hún haldinn á Breiðabakka fyrir þá sem sinntu því að hreinsa Vestmannaeyjar eftir gosið. Þjóðhátíð var haldin á Breiðabakka allt fram til ársins 1977, en þá var hátíðin færð aftur inn í Herjólfsdal. Þjóðhátíð hefur mörg séreinkenni eins og til dæmis mannvirkin sem eru reist í dalnum ár hvert, en þar má nefna hvítu tjöld Eyjamanna ásamt því að nefna tjaldborg þeirra sem sækja hátíðina heim sem skapar ákveðið búsetuform í eyjum yfir helgina. Einnig eru tjaldhlaupið svokallaða og bekkjarbílar stór hluti af Þjóðhátíðarmenningu en hvoru tveggja hefur verið hætt nýlega. Einnig eru ýmsar hefðir sem ríkja hjá þeim sem deila tjaldi og fagna hátíðinni saman. Þjóðhátíð er einn stærsti menningararfur Eyjamanna og er hún þeim því mjög kær og allt sem henni fylgir eins og útgáfa Þjóðhátíðar blaðsins og Þjóðhátíðarlagsins, sem hefur hvoru tveggja verið gefið út allt frá árinu 1933. Hafa því samtals verið gefin út 77 Þjóðhátíðarblöð og Þjóðhátíðarlög en lögin eru flestum landsmönnum kunn og mikið sungin. Í þeim er gjarnan minnst á þekkt viðurnefni í Vestmannaeyjum (Skapti Örn Ólafsson, 2014).

En Þjóðhátíð er ekki eina hátíðin sem Eyjamenn halda upp á. Þrettándinn er haldinn með frekar óhefðbundnu sniði í Vestmannaeyjum samanborið við landið. Þrettándagleði ÍBV hefur verið haldinn frá árinu 1948. Týr hóf að halda upp á þrettándann með slíkum hætti en rétt eins og með Þjóðhátíðina hefur ÍBV séð um að halda hátíðina síðan félögin voru sameinuð. Allt að 200 manns koma að því að skipuleggja og halda hátíðina, þar með talið Grýla, Leppalúði, jólasveinarnir, tröll, álfar og aðrar furðuverur sem kveðja jólahátíðina með Eyjamönnum og gestum. Þrettándinn er nokkurs konar bæjarhátíð og er haldinn helgina eftir þrettándann, eða á þrettándanum sjálfum. Einnig gefa Eyjamenn út Þrettándablað sem er undir sama sniði og Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja (ÍBV sport, 2021). Eyjamenn halda einnig upp á Goslokahátíðina, þar sem þeir fagna og minnst goslokanna ár hvert. Hátíðin er haldin

fyrstu helgi júlí mánaðar en gosinu lauk þann 3. júlí 1973. Hátíðin hefur verið haldin ár hvert frá árinu 1998 þegar 35 ár voru liðin frá því gosinu lauk, þar sem Eyjamenn, bæði brottfluttir og þeir sem eru enn búsettir í eyjum koma saman og fagna því að Heimaeyjargosinu hafi lokið og þeir hafi getað sest að hér aftur að lokinni hreinsun og enduruppbyggingu (Heimaslóð, 2008).

3.3 Rennilás rólega rennt eftir jörðinni

Flest allir Eyjamenn sem upplifðu Heimaeyjargosið muna vel eftir og er Eldfellið og hraunið sem myndaðist í gosinu eitt helsta kennileiti í landslagi Vestmannaeyja og hefur mótað menninguna þar. Flestir landsmenn Íslands þekkja jarðhræringar og gera sér grein fyrir því að jörðin undir okkur er lifandi og getur ógnað lífi okkar hvenær sem er. Allt frá landnámsöld hafa allt að 40 eldstöðvar verið virkar hér á landi og ein af þeim er svæðið í kringum Heimaey. Fyrsta eldgosið sem átti sér stað í Vestmannaeyjum og hefur verið skráð í söguna er neðansjávargos sem átti sér stað við Hellisey árið 1896, þrátt fyrir að Eyjamenn hafi á þeim tíma ekki gert sér grein fyrir því. Þann 14. nóvember árið 1963 gerðist það svo að skipverjar á Ísleifi II urðu varir við 60 metra háan gosmökk sem kom upp úr sjónum. Í ljós kom að um kraftmikið neðansjávargos var að ræða sem að lokum myndaði nýja eyju, Surtsey, í eyjaklasa Vestmannaeyja (Þorleifur Einarsson, 1965).

Gosinu í Surtsey lauk þann 5. júní árið 1967 en það var ekki eina gosið sem Eyjamenn upplifðu á þessum aldarfjórðung (Gísli Pálsson, 2017, bls. 36). Eyjamenn gerðu sér ekki grein fyrir því að þeir bjuggu ofan á kraumandi hraun potti á árunum 1963 til 1973, þar sem hraunið sem upp kom í gosinu í Surtsey var úr sömu hraunbráð og það hraun sem kom upp í Heimaeyjargosinu 1973 (Gísli Pálsson, 2017, bls. 39). Aðfaranótt 23. janúar árið 1973 opnaðist rúmlega 2 kílómetra löng sprunga. Í bók sinni *Fjallið sem yppti öxlum* fer Gísli Pálsson yfir upplifun kvenna sem voru á leið heim til sín þegar þær horfðu á sprunguna opnast á austurhluta Heimaeyjar. Ein þeirra vakti manninn sinn sem fór og kannaði málið sjálfur suður af Helgafelli og lýsir upphafi gossins eins og rennilás hafi rólega verið rennt eftir jörðinni (Gísli Pálsson, 2017, bls. 88-89). Margir Eyjamenn héldu í fyrstu að gos væri hafið í Kötlu aðfaranótt 23. janúar en ekki á

Heimaey, sumir héldu að um mikinn bruna væri að ræða eða jafnvel annað neðansjávargos við strendur Vestmannaeyja.

Gosið kom Eyjamönnum í opna skjöldu, þrátt fyrir að smávægilegir fyrirboðar hefðu verið til staðar (Gísli Pálsson, 2017, bls. 90). Þótt að fyrirboðar fyrir eldgosíð hafi verið fáir jarðskjálftar, sem Eyjamenn urðu ekki varir við fyrr en mánudagskvöldið 22. janúar, þá var samt eins og hluti af Eyjamönnum hefðu fundið á sér að eitthvað væri að gerast. Guðni A. Hermansen, listmálari, málaði mynd sem hann kallaði *Hefnd Helgafells* árið 1971, en það sem þótti áhugavert við myndina var að Helgafell hafði aldrei gosið á tímum byggðar í Eyjum. Myndina málaði hann eftir að hann sá ljótt sár í austurhlið fjallsins. Hvort Guðni hafi spáð fyrir gosinu eða ekki er huglægt mat hvers og eins, en þetta er ekki eina dæmið þar sem Eyjamenn töldu sig hafa spáð fyrir um gosið í Heimaey. Eigandi málverksins sagði að henni hafi fundist eins og málverkið væri að gráta eftir að eldgosíð hófst, en hún hafði ekki skynjað málverkið á þann hátt fyrir gos (Gísli Pálsson, 2017, bls. 79-80). Guðjón Ármann Eyjólfsson sagði um gosnóttina að hann hafi upplifað brottflutning allra Eyjamanna áður í draumi sínum, eftir að tunglið hafði skyndilega sprungið og fallið til jarðar. Lovísa Gísladóttir sagði í janúar 1973 að árið hefði 13 tungl og mikil ólga væri við Vestmannaeyjar og taldi að eitthvað undarlegt myndi gerast við Urðirnar, sem stóðu þá á austurhluta Heimaeyjar. Sagði hún einnig að þar hafi verið mikill stjórnsjór og ókyrrð sem hún taldi ekki boða gott. Klara Tryggvadóttir lýsti því einnig að jólin fyrir gos hafi henni dreymt draum um eldgos í Helgafelli og hún hafi eftir það verið verulega hrædd við Helgafellið og svæðið í kring (Gísli Pálsson, 2017, bls. 82). Sigríður H. Theodórsdóttir lýsti svipaðri upplifun og Klara, að henni hafi fundist eins og hætta væri á ferðum og vildi helst fara frá Vestmannaeyjum en hún greindi móður sinni frá áhyggjum sínum. Vikurnar fram að gosi voru verulega erfiðar fyrir hana og hún upplifði mikinn ótta. Þrem vikum seinna rættist spá hennar og gos hófst austur á Heimaey (Gísli Pálsson, 2017, bls. 83). Einnig voru Krukkuspár rifjaðar upp, þar sem talað var um að ef byggð í Vestmannaeyjum færi upp fyrir Hástein, Vilpan myndi þorna upp og biskupssonur yrði prestur í eyjum myndu stórmerki og undur eiga sér stað á Heimaey eða við Vestmannaeyjar. Sumir Eyjamenn telji að Krukkuspáin hafi orðið að veruleika, þar sem þessir þrír hlutir áttu sér allir stað í aðdraganda gossins (Bændablaðið, 2001, bls. 5). Það var eins og hluti Eyjamanna hafi fundið á sér að eitthvað hræðilegt væri að fara að gerast. Margir töluðu um drauma og óútskýranlegan ótta við austurhluta

eyjunnar. Hvort sem íbúar í Vestmannaeyjum hafi skynjað að landslagið væri að fara breytast sýnir það hversu áhrifaríkt landslagið er. Landslagið sem varð til í gosinu átti eftir að móta alla Eyjamenn og var áminning um að landið er lifandi og mikilvægur hluti af menningunni. Á Íslandi eru margar sögur til um ýmsa fyrirboða náttúruhamfara og oft og tíðum trúá Íslendingar þeim, sökum tengsla við náttúruna sem hefur alltaf verið rík í menningu Íslendinga (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 324-325).

Klukkan fjögur um gosnóttina, tæpum tveimur tímum eftir að eldgosið hófst, var tilkynnt í útvarpsútsendingu Ríkisútvarpsins að Eyjamenn ættu að fara niður á höfn þar sem rýma þurftu eyjuna (Gísli Pálsson, 2017, bls. 91). Eyjamenn þurftu að flýja, enda hafði jörðin opnast undir þeim. Það var ákveðið lán í óláni að nánast allur skipafloti Eyjanna var í höfn þessa örlagaríku nótt og gat sinnt björgunarstarfi, en því starfi var einnig sinnt flugleiðina. Öllum íbúum Vestmannaeyja var bjargað þessa nótt og ekkert mannfall var gosnóttina sjálfa. Bátarnir ferjuðu rúmlega 4000 manns yfir á meginlandið og allt að 800 manns fóru flugleiðina. Þegar komið var í land hófst að koma Eyjamönnum í skjól á fastalandinu (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 249-252). Árið 1973 voru 1345 íbúðarhús í Vestmannaeyjum og voru 40 til 50 af þeim í beinni hættu vegna eldgossins fyrstu vikuna. Þurftu því að hafa hraðar hendur við að bjarga eigum fólks úr húsunum. Fyrstu vikuna eftir að gosið hófst var því farið í björgunarferð til eyja til þess að bjarga munum áður en þeir myndu hverfa endanlega eða eyðileggjast og tókst það vel til (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 259).

Í byrjun febrúar eða tæpum tveimur vikum eftir að gosið hófst voru 112 hús farin undir hraun, brunnin eða komin undir öskulag (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 283). En Eyjamönnum þótti ekki boðlegt að hraunið mynd eyðileggja byggðina og fannst mikilvægt að reyna að bjarga henni sem og innsiglingunni. Því var hafist handa við að dæla sjó á hraunið til þess að reyna að kæla það og fá hraunflæðið til þess að breyta um stefnu (Gísli Pálsson, 2017, bls. 112). Í marsmánuði urðu enn fleiri hús hrauninu að bráð. Margir misstu því húsin sín en ein sagan segir að maður einn hafi dregið upp fána þegar örlög húss hans lágu fyrir, að hús hans myndi fara undir hraun. Þegar nær dró að falli hússins hafi hann dregið fánan niður í hálfa stöng til þess að syrgja heimilið sitt. Fáninn féll með húsinu á meðan eigandinn gat ekkert gert. Mannfræðin hefur alltaf gert sér grein fyrir því að híbýli okkar, eða staðurinn þar sem við hvílumst, eigum góðar minningar er okkur mikilvægur og stór hluti af menningu okkar, því er það manningum

sárt þegar hann missir heimili sitt (Gísli Pálsson, 2017, bls. 128). Eyjamenn gerðu allt til þess að bjarga mannlífum og heimilum og höfðu raunveruleg áhrif á landslagið sem myndaðist í gosinu með björgunaraðgerðum, en til varð nokkurs konar manngert hraun (Gísli Pálsson, 2017, bls. 149).

Þann 3. júlí 1973 var tilkynnt um að gosinu í Heimaey væri formlega lokið og var íbúum Vestmannaeyja létt og við tóku bjartari tímar. Eftir að hafa bjargað byggðinni á eyjunni vildu Eyjamenn strax hefja flutning aftur heim og aðlaga sig að nýju landslagi. Eftir að gosinu var formlega lýst lokið hófst hreinsunin (Gísli Pálsson, 2017, bls. 151). Í ágúst árið 1973 fór fólk að flytja heim á ný og skólastarf hófst að nýju í Vestmannaeyjum. Í september var aftur komið mannlíf í bæinn og virtust Eyjamenn hafa tekið nýja landslagið í sátt. Eyjamenn töluðu samt að lífið yrði aldrei aftur eins, og viðhorf þeirra til lífsins í Vestmannaeyjum höfðu breyst. En margir Eyjamenn gátu ekki séð fyrir sér að búa annars staðar en í Eyjum og hófst því strax mikil uppbygging. Sterk tengsl Eyjamanna og landslagsins hafa lengi verið þekkt og náttúran hefur svo sannarlega haft áhrif á menningu Eyjamanna eftir gos (Guðjón Ármann Eyjólfsson, 1973, bls. 315).

Eftir að uppbyggingin hófst fóru heimamenn að streyma aftur til Eyja , en með þeim straumi kom fjöldi fólks sem vildi nýta sér þau atvinnutækifæri sem voru í boði eftir gosið. Bæjarskrifstofa Vestmannaeyja hóf þá að greina á milli þeirra sem voru að koma aftur heim og þeirra sem voru nýir og fengu þau skammstöfunina AK, aðkomu fólk. Þetta var gert í þeim tilgangi að fylgjast með því hversu stórt hlutfall Eyjamanna kæmi aftur og hvert hlutfall þeirra nýju væri. Eyjamenn töldu að mikið væri um vandræðafólk að ræða, fólk sem væri að fara misnota sér það sem eyjarnar höfðu upp á að bjóða. Fólk fór að leitast eftir félagslegri fyrirgreiðslu og því var farið að að greina aðkomu fólkið í tvo flokka , ak og akp, það er aðkomu fólk og aðkomu pakk. Þótt að viðurnefnið hafi upphaflega verið gefið í neikvæðri merkingu, hefur merkingin orðið hlutlaus í gegnum árin til að aðgreina innfædda Eyjamenn frá þeim sem eru aðfluttir, sem rennir stoðum undir að Eyjamenn hafi sterka sjálfsmynd og þurfi því að greina á milli hverjir eru Vestmannaeyingar og hverjir eru það ekki. En hins vegar eru þeir sem falla undir AKP eingöngu slíkir þangað til þeir hafa komist inn í samfélag í eyjum . Þar með kynnumst við einu helsta menningar einkenni eyjanna, viðurnefnum og er AKP eitt þeirra mest notuðu (Sigurgeir Jónsson, 2020, bls. 140).

4 Viðurnefni í Vestmannaeyjum

Í þessum kafla ritgerðarinnar verður farið yfir mannfræði nafna. ásamt því verða viðurnefni í Vestmannaeyjum skoðuð, en þau eru eitt af menningareinkennum í Eyjum. Þar verða þau einnig skoðuð út frá því hvaða félagslegu áhrif þau geta haft og hvers vegna þau eru sett upp.

4.1 Mannfræði nafna

Nafn er svo mikið meira en bara nafn. Í mannfræði hefur alltaf verið mikil áhersla á mikilvægi nafna í samfélaginu, hvernig nöfn eru ákveðið félagslegt og menningarlegt tól. Mikil tengsl eru á milli nafns og sjálfsmyndar einstaklings. Samkvæmt mannfræðinni hefur nafn einstaklings gífurlega mikið vald eitt og sér, það segir hver þú ert, gefur til kynna kyngervi, uppruna, sifjar og trú. Nafn er þvermenningarlegt fyrirbæri og því mikilvægt að skilja hvaða gildi nafn hefur (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 4). Það erum við sem einstaklingar sem gefum nafninu vald út frá því menningarlega samhengi sem nafnið er í hverju sinni (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 7). Nafn samkvæmt kenningum mannfræðinnar er lykill að menningu og menningarlegum heim samfélags. Nafn veitir einstaklingum félagslegt auðkenni, að gera lítið úr nafni einstaklings er ekki bara árás á nafnið sjálft heldur einnig í raun árás á einstaklinginn sem persónu, eða sjálfsmyndina hans (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 26). Að gefa einstakling nafn er að gefa honum sjálfsmynd (e. *identity*), það segir okkur hver viðkomandi er út frá táknrænu gildi. Sjálfsmynd er bæði háð einstaklingnum og umhverfi hans og út frá því er hægt að segja að menning hefur mikið með sjálfsmynd einstaklings að gera. Að gefa barni nafn við fæðingu er upphaf sjálfsmyndar þess. Nafn hefur ekki bara áhrif á sjálfsmynd einstaklings heldur hefur það einnig áhrif á sjálfsmynd samfélagsins. Feinberg talar um að nöfn utan vestrænnar menningar hafi meira táknrænt og félagslegt gildi (Feinberg, 1983). Það er hægt að færa rök fyrir því að nöfn t.d. í íslenskri menningu hafa mikið táknrænt gildi ásamt því að hafa félagslegt gildi. Það hefur meðal annars tíðkast á Íslandi að börn séu skírð í höfuðið á látnum einstaklingum eftir að hinn látni birtist fjölskyldumeðlimum í draumum, sem er mjög táknrænt og hefur á sama tíma ákveðið félagslegt gildi. Táknræna gildið í þessu samhengi er að einstaklingur ber nafn látins einstaklings, oft ættingja eða vinar sem hefur birst í draumi. Talið er að einstaklingar sem eru skírðir hafi þá ákveðna eiginleika þess sem þeir eru nefndir eftir (Heijnen, 2010). Innan sjálfsmyndar einstaklings

verður ákveðin skörun þar sem nafn, stétt, uppruni og kyngervi mótar einstaklinginn. Nafn er líka leið til að minnast fólks og muna það sem liðið er, en það gerir fortíðina mannlegri. Það er líka ákveðið vald falið í nafni einstaklingsins og það er ekki hann sjálfur sem hefur valdið heldur hið opinbera og stofnanir (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 2). Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996 er skylda að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess. Að stjórnvöld hafi slík vald yfir nafni og í raun nafngjöf einstaklings er tvíeggja sverð sem felst í því að hið opinbera og stofnanir hafa ákveðið vald yfir einstaklingum en á sama tíma öðlast einstaklingurinn vernd þegar brotið er á rétti hans. Það er ákveðin vernd að eiga nafn en það er líka erfitt að hið opinbera krefjist nafns eða geti haft áhrif á það hvað barnið má heita (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 3). Nafn einstaklings, hvort sem það er eiginnafn, viðurnefni, gælunafn eða uppnefni, er ákveðið tól til valds, líkt og áður hefur komið fram. Nafn skilgreinir einstakling út frá samhengi menningar, samfélags og sjálfsmýndar. Viðurnefni, gælunöfn og uppnefni gera það líka, en viðurnefni og uppnefni geta veitt meira félagslegt vald en eiginnafnið.

Gælunafn samkvæmt íslenskri orðabók er nafn eða stuttnefni sem er notað í stað eiginnafns með eða án tengingar við það (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2022a). Gælunafn er yfirleitt nafn sem er gefið og haldið uppi af ættingjum, vinum, samstarfsfélögum eða öðrum hópum sem þekkja einstaklinginn sem ber gælunafnið vel (Aceto, 2002). Uppnefni eða að uppnefna einstakling er að nefna hann nafni sem er ekki hans eigið, oft eitthvað sem er neikvætt eða niðrandi (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2022b). Viðurnefni er hins vegar viðbót á eiginnafn eða gælunafn einstaklinga (Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2022c). Þessi þrjú orð eru öll vel skilgreind en það getur samt verið erfitt að aðskilja hvenær nöfn eru viðurnefni, uppnefni eða gælunöfn. Það er huglægt mat hverju sinni. Nafn sem gefið er í neikvæðri merkingu sem til dæmis uppnefni eða viðurnefni í upphafi getur fengið jákvæða merkingu síðar (Willson, 2019). Gælunöfn og viðurnefni eru oft gefin innan ákveðins félagslegs hóps og gefur einstaklingum ákveðinn sjálfsumleika innan hópsins eða einkenni. Gælunöfn og viðurnefni eru hluti af menningunni og eru sett fram í menningarlegu samhengi út frá því hvernig þau eru notuð. Gælunöfn og viðurnefni geta bæði verið jákvæð eða neikvæð en það fer allt eftir því menningarlega samhengi sem nafnið hefur og var gefið í (Mensah, 2017).

4.2 Viðurnefni eða uppnefni

Flestir menningarhópar eiga það sameiginlegt að einstaklingar bera nöfn, en sá eiginleiki menningar er hnattrænn. Hins vegar er mismunandi hvernig við nefnum einstaklinga eða hvaða þýðingu nafn hans hefur. Innan fræðigreinar heimspekinnar hefur eiginnöfnum lengi verið velt upp og hvernig þau skapa merkingu fyrir einstakling eða hlut. Sókrates benti á að það eru tvær mótsagnakenndar leiðir sem benda til þess hvaða merkingu nöfn hafa. Fyrst er það nafn einstaklings sem er þeirra eiginnafn eða nafn hlutar, það nafn sem almenningur myndi þekkja einstaklinginn á eða hlut. Síðan er það táknrænt nafn eða nafn sem er gefið út frá félagslegu samhengi (Bailey & Lie, 2013). Til dæmis má nefna viðurnefni. Karlmaður sem ber nafnið Gunnar heitir það opinberlega og í formlegu tali, en Gunnar er ekki eina nafnið sem kennt er við hann. Gunnar er einnig með táknrænt nafn sem hefur félagslegt samhengi, sem er einnig viðurnefni og/eða viðauki á gælunafn hans, Gunni slef, en skýringin er sú að hann átti erfitt með að hafa tök á munnvatni sínu á yngri árum (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 76). Með því að kalla hann Gunni eða Gunnar gefur honum formlega merkingu en að kalla hann Gunna slef gefur upp ákveðna táknræna mynd (Bailey & Lie, 2013).

Viðurnefni eru ekki ný af nálinni. Þau hafa tíðkast á Íslandi allt frá landnámi. Í Vestmannaeyjum hefur viðurnefnahefðin haldist og er eitt af helstu menningareinkennum Vestmannaeyja, en það hefur þó verið á undanhaldi síðustu ár. Vestmannaeyjar eru lítið og einangrað samfélag og sögulega séð voru íbúar þess nokkuð einangraðir frá meginlandi Íslands þar til um miðja 20. öld þegar Herjólfur hóf að sigla daglega á milli lands og eyja árið 1959 (Heimaslóð, 2014). Dæmi sem sýnir hversu einangraðar Vestmannaeyjar voru á miðri 20. öld er að Jónas nokkur, fékk viðurnefnið Jónas flækingur eftir að hann ferðaðist þrisvar sinnum með stuttu millibili til Reykjavíkur. Með viðurnefni Guðjóns endurspeglast menningin og það viðhorf sem var til ferðalaga til og frá Vestmannaeyjum á þeim tíma (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 32). Viðurnefni í Vestmannaeyjum voru áður fyrr notuð sem tól til aðgreiningar þar sem fólk bar oft og tíðum sama nafn. Viðurnefnið var þá oft og tíðum viðbót við gælunafnið, það er að segja viðurnefni. Vestmannaeyjar eru ekki eina bæjarfélagið hér á landi sem hefur þetta

menningareinkenni. Viðurnefni eru oftast nöfn sem vísa til ákveðins einkennis eða atburðar sem einstaklingur hefur upplifað eða lent í. Þegar talað er um atburði er verið að vísa í einhverja óhefðbunda atburði, eða atburði sem þykja á einhvern hátt einstakir, skoplegir eða jafnvel niðurlægjandi. Það þarf þó ekki að vera niðurlægjandi samkvæmt öðrum menningum, en það eru oft og tíðum niðurlægjandi nöfn sem koma fram hér seinna.

Sigurgeir Jónsson gaf út bókina *Viðurnefni í Vestmannaeyjum* árið 2008 þar sem hann listar upp þekkt viðurnefni og skýrir hvernig nöfnin urðu til og útskýrir þau. Hann telur ekki mikilvægt að gera greinarmun á viðurnefnum og uppnefnum, þar sem hugtakið er afstætt og erfitt að sýna fram á hvort raunverulega sé um viðurnefni eða uppnefni að ræða hverju sinni. Í bók sinni fer hann yfir hundruði nafna sem falla undir viðurnefni að hans sögn. Það er ekki beint við höfund bókunnar Sigurgeir Jónsson, að sakast að hafa ritað og gefið bókina út heldur er frekar að sakast við þá menningu sem ríkir eða ríkti í Vestmannaeyjum, að greina á milli fólks með niðrandi viðurnefnum. Þá má þó varpa þeirri spurningu fram hvort það hafi verið nauðsynlegt að taka nöfnin saman og gefa út á bók, þar sem þau hafa verið notuð sem tól til niðurlægingar áður eða jafn sem valdbeiting.

Viðurnefni og gælunöfn í félagslegu samhengi geta oft og tíðum verið hluti af veruhætti innan ákveðins hóp eða menningarlegu samhengi. Það er mögulega í lagi að fá viðurnefnið Anna kjaftur innan ákveðins hóps en það þýðir ekki að það sé nafn sem viðkomandi vill að heilt bæjarfélag kennir sig við (Brandes, 1975). Að mati höfundar ritgerðar er mikið af þeim viðurnefnum sem upp eru listuð í bókinni í raun uppnefni þar sem þau eru yfirleitt notuð á niðrandi hátt um viðkomandi og/eða tengt, útliti eða vafasamri hegðun einstaklinga (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 7-8). Sem dæmi má nefna viðurnefni sem setja út á holdafar eða að einstaklingar eru kenndir við holdafar sitt, t.d. Jón feiti (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 30). Eða að einstaklingar eru kenndir við ákveðin útlitseinkenni eins og Olga framrúða þar sem gleraugu hennar þóttu frekar stór og líkjast framrúðu á bíl (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 33).

Rannsókn var gerð á því hvernig viðurnefni og gælunöfn voru sett fram í Zinacantan. Þar voru viðurnefni og gælunöfn tengd við sífjar, þar sem slík nöfn voru fengin í arf og fóru á milli kynslóða, en þar var tekið fram að þetta væru nöfn sem voru ekki eiginnöfn þeirra. Fólkið var ekki kennt við sín eiginnöfn heldur við nöfn ættingja og svo í lokin var bætt við viðurnefni t.d. *Kucunuku* eða nafn sem þýðir feitur háls, sem gæti verið

viðurnefni frá ættingja eða útlitseinkenni einstaklings (Collier og Bricker, 1970). Í bókinni Viðurnefni í Vestmannaeyjum eru nokkur slík dæmi þar sem viðurnefni eru fengin í arf. Ingimar barón fékk viðurnefni sitt út frá því að vera skyldur Georg greifa og síðar fékk sonur hans viðurnefnið Ásgeir barón í arf (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 17). Þetta er ekki eina dæmið um viðurnefni í Vestmannaeyjum sem voru fengin í arf, Viggí fjalla fékk viðurnefni sitt í arf frá föður sínum Sæmi fjalli, sem var ættaður undan Eyjafjöllum og fékk því viðurnefnið (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 31). Það getur verið mjög slæmt að erfa viðurnefni sem lýsir ekki einstaklingunum sjálfum heldur manneskju sem var tengdur honum t.d. drengur í Vestmannaeyjum sem fékk viðurnefnið Latur út frá viðurnefni föður síns Jón þreytta, hann þótti þó ekki latur en fékk viðurnefnið einungis vegna þess að hann var sonur Jóns og var hann kenndur við viðurnefni hans (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 55). Einnig eru dæmi um að hjón erfi viðurnefni hvors annars til dæmis. Skósi og Skósa, Skósi var kallaður það vegna þess að hann var skósmiður og konan hans fékk viðurnefnið Skósa út frá því (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 75). Þá eru dæmi um það að erfð viðurnefni smitist í Vestmannaeyjum, þar má til dæmis nefna Jonna beikon, hann var kallaður það eftir að faðir hans fór með stóra beikon sneið út á sjó og félagar hans kenndu hann í kjölfarið við beikon (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 19). En nafnið smitaðist yfir á Sigga skinku, þar sem hann giftist fyrrverandi eiginkonu Jonna beikon (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 74).

Að skeyta viðurnefni við eiginnafn út frá atburðum eða gjörðum getur verið leið fyrir samfélagið til að hæðast að eða útiloka þau sem fara út fyrir félagsleg norm samfélagsins. Samkvæmt rannsóknum í Zinacantan er þessum viðurnefnum skipt í tvo hópa, annars vegar eru það nöfn sem hafa áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins eða menningarinnar sem heild eða á hinn bóginn ákveðið tól til þess að setja ákveðin gildi þar sem hegðun er sett í samræmi við norm samfélagsins (Collier og Bricker, 1970). Sömu mynd er hægt að draga upp með bókinni Viðurnefni í Vestmannaeyjum, þar sem fólk fær viðurnefni út frá gjörðum sem þóttu ekki fylgja þeim viðmiðum sem voru í samfélaginu, til dæmis Steini reiper eða Pétur naría, einnig var hann kallaður Pétur snúrusniffir, en þessir tveir menn gerðu báðir hluti sem ekki voru í samræmi við gildi samfélagsins og höfðu þar með áhrif á sjálfsmynd Eyjamanna. Í bókinni sést það einnig skýrt að viðurnefni kvenna og karla tengd kynferðislegum athöfnum eru mismunandi og bera keim af drusluskömm með sér, þar sem karlar voru settir á hærra pall og fengu viðurnefni á borð við Sjonni silfurtilli eða Geiri gulltilli á meðan konur voru með viðurnefni á borð við Stína

suðurland, samfaradrottningin, Tína tuttugu og fimm, litla gröð, hunda Munda eða hnakkurinn, þar sem gefin er til kynna neikvæð mynd af kynferðislegu atferli kvenna. Skýringar viðurnefnanna í bókinni sýna skýrt hvernig litið er á kynferðislegt atferli kynjanna, karlmennirnir eru settir á hærri pall en konur talaðar niður og druslu skammaðar (Sigurgeir Jónsson, 2008).

Gísli Pálsson mannfræðingur skrifaði pistil í Morgunblaðið árið 2008 eftir að bókin var gefin út og hafði valdið töluverðum usla í Vestmannaeyjum. Þar lýsir hann bókinni sem hníf í sár, sár sem voru sum enn blæðandi, sum gróinn og fyrir sumum var þessi bók hnífur í bakið. Að birta eða rifja upp viðurnefni, er ein birtingarmynd eineltis. Það er ákveðin útskúfun að hafa neikvætt nafn fest við nafn einstaklings á prenti. Þetta virðist ekki vera stórt mál fyrir þá sem eru utanaðkomandi en Vestmannaeyingar vita hver er hver hverju sinni og ef þeir vita ekki um hvern ræðir er einfalt fyrir þá að komast að því. Gísli Pálsson telur að birting þessarar bókar gæti flokkast undir einelti og jafnvel sem ærumeiðingar. Hann minnst atburðar sem átti sér stað á fermingarafmæli síns árgangs þar sem ein kona var ósátt við að hafa fengið ákveðið viðurnefni. Hann lýsti því einnig hvernig fólkið á viðburðinum skammaðist sín eftir að hún endurtók viðurnefnið sem sýnir að þetta er ekki endilega jákvætt menningareinkenni þótt að það ríki eða hafi ríkt en einnig hvernig menningin í kringum viðurnefni er að breytast (Gísli Pálsson, 2008, bls. 18-19).

En viðurnefnin eru þó ekki öll neikvæð, nokkur sem skrifað er um í bókinni eru skemmtileg eða saklaus, til dæmis Blóma-Dísa, sem var gefið vegna þess að hún var mikil garðyrkjukona og var með mikið af blómum í garðinum sínum (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 21). Eða Óli hæ, sem var kallaður það af nemendum sínum vegna þess að hann kynnti sig með því að segja „ég heiti Óli, hæ” og þar með festist það við (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 44). Eða Jói listó, sem var listamaður og þótti vera frekar góður listamaður og því fékk hann viðurnefnið (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 56).

4.3 Valdbeiting eða grín ?

Nafnið er okkur mjög kært, eins og áður hefur komið fram og er hluti af því hver við erum. Því er hægt að færa rök fyrir því að nafn eða gælunafn sé að ákveðnu leyti hluti af veruhætti okkar. Það er hægt að tala um það hvernig viðurnefni eru hluti af veruhætti innan ákveðins hóps til dæmis fjölskyldu eða vínahóps, þar sem hópur fólks deilir

skoðunum, viðhorfum og fylgir sömu óskrifuðu reglum. Innan vinarhóps geta orðið til viðurnefni sem verða þá bæði hluti af veruhætti einstaklingsins ásamt því að verða hluti af veruhætti hópsins (Bourdieu, 2012, bls. 496). Dæmi um viðurnefni sem hafa orðið til innan hóps er til dæmis. Jonni Beikon (skýring á nafninu hefur komið fram hér áður) en það voru vinir hans og samstarfsfélagar sem settu saman nafnið og þar með varð viðurnefnið til og varð hluti af bæði veruhætti einstaklingsins og hópsins. Einnig er hægt að færa rök fyrir því að nafnið sé ákveðið merki um félagslegan arf (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 19). Það getur orðið hluti af veruhætti fjölskyldunnar og þá einnig sem félagslegur arfur. Þar má nefna dæmi um Nínon fjölskylduna. Viðurnefnið Nínon fékk Hilmar og var hann kenndur við eiginkonu sína, Nínu, sem þótti gífurlega myndarleg (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 63). Því fékk hann viðurnefnið Hilmar Nínon sem talið er að hafi verið sett fram í neikvæðri mynd, en hann var hæst ánægður með viðurnefnið og í dag er það orðið af hálfgerðu ættarnafni hjá afkomendum þeirra Nínu og Hilmars (Sigurgeir Jónsson, 2008, bls. 7).

Samkvæmt kenningum um virknishyggju hafa viðurnefnin ákveðið hlutverk innan samfélagsins og menningarinnar sem þar þrífst, alveg sama hvernig það er notað, viðurnefnin eru í eðli sínu mikilvæg fyrir virkni samfélagsins. Virknishyggjan byggir á því að til þess að samfélagið virki þurfi allir þættir þess að vera virkir, eins og til dæmis í Vestmannaeyjum þurfi því að tíðkast að gefa fólki viðurnefni, þar sem þau eru hluti af menningunni og án þeirra þrífst samfélagið ekki. Viðurnefnin geta þannig gegnt ákveðnu hlutverki innan samfélagsins og menningar þess (Barnard, 2004). Hægt er að segja að viðurnefnin séu sett fram innan ákveðinnar félagslegrar hegðunar og síðar verða þau hluti af veruhætti hóps eða einstaklings. En það að gefa einstakling viðurnefni sem er neikvætt getur haft það í för með sér að félagslegur eða menningarlegur arfur einstaklings getur orðið verri, félagslegt tengslanet getur minnkað út af því viðurnefni sem einstaklingur hefur hlotið en það getur einnig orðið öfugt eins og Nínon nafnið (Bourdieu, 2012, bls. 496). Það væri til dæmis hægt að tala um viðurnefnið Steini reiper, mögulega missti hann ákveðin félagslegan arð eftir að viðurnefnið var sett fram (Sigurgeir Jónsson, 2008).

Það er hægt að tengja hugmyndir Foucault um vald og orðræðu við viðurnefni í Vestmannaeyjum því valdið liggur í orðræðunni. Dæmið sem var notað hér að framan um kynin og kynferðislegt atferli, þar sem karlmenn fengu viðurnefni sem voru uppheljandi í

samfélaginu á meðan konur voru gagnrýndar eða nefndar niðrandi nöfnum vegna sambærilegra atvika, tengir inni í kenningar Foucault um orðræðu og vald. Það er ákveðið vald í orðræðunni að hrósa körlum fyrir að sofa hjá eða stunda mikið kynlífi á meðan konur eru skammaðar fyrir sama atferli (Foucault, 2012, bls. 509). Einnig getur það sem er sett fram í orðræðunni og það sem er ekki sagt skipt sköpum þegar kemur að sama máli og var nefnt að framan, það er kynferðislegt atferli kynjanna (Foucault, 2012, bls. 514). Allir karlmennirnir voru nafngreindir þegar kom að kynferðislegum athöfnum, en hins vegar voru konurnar það ekki í flestum tilvikum. Orðræðan þar gefur á ákveðinn hátt einnig til kynna drusluskömm. Að nafngreina ekki konurnar út af kynferðislegum athöfnum þeirra er birtingarmynd af drusluskömm. Hins vegar er í lagi að gefa út á bók kynferðisbrot karlmanns. Það er einnig hægt að lesa það út úr því að konur eru ekki nafngreindar að vegna þess að þær eru konur þurfi þær vernd eða nafnleynd (Sigurgeir Jónsson, 2008). Viðurnefni geta einnig fallið undir valdbeitingu, líkt og komið hefur fram hér áður en auk þess eru dæmi um að gælunöfn eru notuð til þess að sýna fram á hvaða viðmið og gildi eru í samfélaginu og þegar einstaklingur brýtur á þessum gildum fær hann viðurnefni sem er bein valdbeiting. Að útiloka einstakling út frá félagslegum athöfnum með töluðu máli er ákveðin birtingarmynd valdbeitingar en þeir sem festa nafnið í sessi eru þeir sem eru að beita valdinu og þeir sem halda nafninu uppi taka einnig þátt í því (Gísli Pálsson, 2008, bls. 18-19).

Nöfn eru félagsleg athöfn og viðurnefni eru þá einnig félagsleg athöfn sem eru háð menningu hverju sinni (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 98). Viðurnefni og gælunöfn eru í eðli sínu mjög háð menningu og einstaklingnum. Viðurnefni og gælunöfn vísa til einkalífs einstaklingsins og með því að nota það utan þess samhengis er valdbeiting og í raun einelti (Gabriele Vom Bruck & Bodenhorn, 2006, bls. 69). Að sögn Gísla Pálssonar er það samt ekki bara valdbeiting af hálfu þeirra sem búa nafnið til og koma því á flug heldur er það einnig samfélagið sem heldur nafninu gangandi þar sem viðurnefnið verður eins og nokkurs konar brennimerki á einstaklingnum. Eitthvað sem hann getur ekki flúið eða farið frá. Einstaklingurinn eða nafn einstaklingsins afmyndast og viðurnefnið getur haft mikil áhrif á sjálfsmynd hans. Valdbeitingar eru ekki einu neikvæðu félagslegu áhrifin af viðurnefnum, heldur getur útskúfun einnig verið ein af þeim neikvæðu áhrifum. Að gefa einhverjum nafn sem vísar í einhvað sem hann gerði eða sagði getur orðið til þess að aðrir

innan samfélagsins forðist einstakling eða neita að eiga samskipti við hann. Það er í raun bein útskúfun eða félagslegur dauði (Gísli Pálsson, 2008).

5 Umræða og lokaorð

Tilgangur þessa lokaverkefnis var að grein fyrir því hvað hefur mótað sjálfsmynd og menningu Eyjamanna og segja frá séreinkennum þeirra. Menning Vestmannaeyja hefur sögulega séð verið mótuð af mörgum atvikum sem bæði tengjast þeirra eigin menningu sem og menningu landsins. Ástæðan fyrir því hvers vegna Eyjamenn hafa mótað sitt eigið afbrigði af íslenskri menningu er sennilega vegna þess að sögulega séð voru eyjarnar mjög lengi einangraðar frá meginlandi Íslands. Það er skýrt að í menningu Eyjamanna og Vestmannaeyja er ákveðin sjálfsmynd sem allir Eyjamenn eiga sameiginlega og að það sé ákveðin félagsleg hegðun sem Eyjamenn fylgja hverju sinni sem mótast af landslagi, sögu og menningu þeirra.

Ég er Eyjamaður fyrst og fremst, svo er ég Íslendingur er setning sem væri líklegt að heyra frá Vestmanneying. Einangrunin gæti hafa leitt til þess að Eyjamönnum finnst þeir frekar tilheyra því að vera Eyjamaður fyrst og svo Íslendingur. Einangrun hefur ekki bara mótað grunnstoð sjálfsmyndar Eyjamanna heldur hefur hún einnig mótað mikla samstöðu meðal þeirra. Samstaðan á milli Eyjamanna er sterk, enda hafa sögulegir atburðir mótað þessa samstöðu. Að vera einangrað frá meginlandinu hefur gert það að verkum að fólkið stendur þétt við bakið á hvort öðru og stendur saman í gegnum súrt og sætt. Einangrunin varð til þess að fólk þurfti að geta treyst á fólkið í kringum sig þegar eitthvað bjátaði á og hvort sem það þá vantaði vatn, mat hjálp eða bara vin til að tala við, var alltaf hægt að leita á næsta bæ en Eyjamenn eru gjarnan þekktir fyrir að vera hjálpsamir og vingjarnlegir. Það hefur einnig haft áhrif á mótun menningarinnar í Vestmannaeyjum að Eyjamenn urðu einfaldlega að treysta á hvorn annan, standa saman og vera sjálfum sér nægir, allt þar til Herjólfur hóf regluglega siglingar til meginlandsins. Það þótti oft og tíðum óþarfi að vera að þvælast upp á land, enda var að mati hörðustu Eyjamanna allt sem til þurfti í Eyjum. Þar að auki hefur samstaðan og mikill samgangur Eyjamanna, þar sem þeir gátu ekki leitað til annarra en þeirra sem hér voru, gert samstöðu Eyjamanna enn sterkari.

Flestir Eyjamenn eru stoltir af þeim hátíðum sem bærinn og íþróttafélagið stendur fyrir og taka þátt í þeim á hverju ári enda kunna Eyjamenn svo sannarlega að gera sér dagamun og gleðjast á sinn einstaka hátt. En stóru hátíðirnar þrjár sem

Eyjamenn halda ár hvert hafa mótað menningu Vestmannaeyja og ein þeirra hefur alveg einstaka menningu innan Vestmannaeyja og það er Þjóðhátíð. Þjóðhátíð býr í hjörtum flestra Eyjamanna enda verða oft til góðar og skemmtilegar minningar til á Þjóðhátíð, en að vera heimamaður á hátíðinni er allt önnur upplifun en að vera gestkomandi. Eyjamenn taka gagnrýni á þjóðhátíð oft mjög illa og finnst á sig ráðist sem gefur til kynna að hátíðin hefur spilað lykilþátt í að móta menningu Eyjamanna, en það er líka skiljanlegt, þar sem flestir Eyjamenn tengja Þjóðhátíð við gleði, samveru og góðar stundir, þar sem fjölskyldur og í raun flestir Eyjamenn gleðjast saman og gera sér dagamun í hvítum tjöldum inn í Herjólfsdal. Þar verður til ákveðin búsetustaður eyjamanna yfir helgina.

En það sem mótaði sennilega sjálfsmynd Eyjamanna mest var Heimaeyjargosið, þar sem það var mikill harmleikur. Fólk horfði á landslagið breytast, þurfti að flýja heimili og líf sitt eins og þeir þekktu það og sumir voru svo óheppnir að missa heimili sín. Að missa heimilið sitt er erfitt og sárt og líkt og fram hefur komið voru þó nokkrir sem snéru ekki aftur heim eftir gos, ef til vill vegna þess að þau höfðu misst heimili sitt eða þau vildu ekki upplifa landslagið sem harmleikurinn hafi mótað.. Hvoru tveggja segir til um að tilfinningar um öryggi Eyjamanna hafi verið rofnar. Hins vegar voru lang flestir sem komu aftur til baka og gátu lifað í sátt með nýju landslagi þótt það hafi orðið til við mikinn harmleik og var stöðug minning um það sem átti sér stað. Fólk var tilbúið að búa með nýju landslagi. En gosið mótaði ekki bara viðhorf Eyjamanna um heimili og landslag, heldur gerði það samstöðuna ennþá sterkari þar sem fólkið hafði gengið í gegnum þennan harmleik og erfiða tíma saman og staðið við bakið á hvort öðru við uppbygginguna, björgunina, eða á flóttanum. Það var líka áhugavert að heyra frá ýmsum Eyjamönnum á meðan ritgerðin var skrifuð og sýnir samstöðuna að í hvert sinn sem ljós var kveikt í fyrsta sinn húsum eftir gos glöddust allir þar sem ljósið þýddi að fólkið var aftur komið heim . Að koma aftur heim er eitthvað sem Eyjamenn tala oft um og það er mjög ríkjandi í menningunni að hafa komið aftur heim. Þá var á árunum eftir gos farið að aðgreina þá sem voru að koma heim eftir gos og þá sem voru nýjir og höfðu flust hingað vegna tækifæra sem sköpuðust eftir gos, en sú aðgreining hefur einnig mótað sjálfsmynd og menningu Eyjamanna en auk þess er aðgreiningin skýrt dæmi um að sjálfsmynd Eyjamanna var svo sannarlega til staðar eftir að gosinu lauk. Þegar gosinu lýkur kynnumst við einu helsta viðurnefninu sem ríkti í eyjum AKP, eða afkomupakk.

Viðurnefnin voru hér áður fyrr tól til aðgreiningar þar sem fólk bar oft sömu nöfn. En það er ekki raunin í dag, en samt virðast viðurnefnin enn viðgangast innan samfélagsins í Eyjum en það er þó að vissu leyti að breytast og er á undanhaldi. Það er þó eðlilegt að innan samfélagsins séu ákveðin viðmið sem þarf að fylgja, en það þýðir ekki að það þurfi að ráðast á sjálfsmynd einstaklings með því að uppnefna, því nafn er ekki bara nafn heldur er það oft svo mikilvægur hluti af því hver við erum. Að uppnefna eða gefa viðurnefni sem hefur neikvæða merkingu er form af valdbeitingu og er hluti að orðræðu sem getur tekið neikvæða merkingu. Viðurnefnin geta því leitt til þess að einstaklingur verði félagslega útskúfaður og getur í raun flokkast undir einelti. Viðurnefni eru líka oft háð hóp og samhengi, þau eru ekki endilega allra að vita. Hins vegar geta viðurnefni haft jákvæða merkingu, eins Palli bjargvættur sem var ekki fjallað um hér áður, en hann er talinn hafa bjargað ÍBV frá falli og er þekktur sem ákveðinn bjargvættur, sem er jákvætt. En nöfnin hafa áhrif á sjálfsmyndina eða félagslegt auðkenni manns, hvort sem þau eru jákvæð eða neikvæð og hvort sem þau eru uppnefni eða viðurnefni. Að lokum má nefna að nafnið sem einstaklingurinn ber hefur áhrif á stöðu hans innan samfélagsins og að vera með jákvætt viðurnefni getur haft í för með sér betri félagslegan arð sem getur leitt til fleiri og betri tækifæra á meðan sá sem hefur neikvætt viðurnefni getur glatað félagslegum auð og þar með misst mörg tækifæri og jafnvel orðið fyrir útskúfun samfélagsins.

Að mínu mati geta þó viðurnefni verið bæði góð og slæm. Þau geta verið saklaus og eingöngu notuð að aðgreina einstaklinga frá hvor öðrum en einnig mjög skaðleg, niðurlægjandi og særandi, sérstaklega í samfélagið eins og í Vestmannaeyjum, þar sem að allir þekkja alla. Sömuleiðis geta viðurnefni verið notuð til að hæðast að fólki en einnig sem grín innan ákveðins hóps, eins og til dæmis innan fjölskyldu eða meðal vina, en þá eru þau sett fram í ákveðnu félagslegu samhengi og bundin við hópinn. Eins og fram hefur komið er ákveðið félagslegt samhengi sem er til staðar þegar viðurnefni eru sett fram og er það bundið við hóp. Til dæmis er viðurnefni sem er notað innan afmarkaðs hóps er allt annað heldur en viðurnefni sem heilt bæjarfélag notar og kennir einstakling við. Viðurnefni eru því flókin félagsleg og mannfræðileg fyrirbæri og erfitt að segja til um hvort það er rétt að uppnefna eða gefa einstakling viðurnefni, en það ætti auðvitað að vera undir einstaklingnum komið sem þarf að bera nafnið hvort rétt sá að nota viðurnefnið og/eða uppnefnið. Sjálf hef ég orðið þess áskynja hjá minni kynslóð að

að viðurnefni eru frekar notuð í neikvæðum tilgangi og til að niðurlægja einstaklingin frekar en hitt.

Ég get ekki logið því að ég varð mjög forvitin þegar ég heyrði af bókinni *Viðurnefni í Vestmannaeyjum* og langaði að glugga í hana mér til gagns og gamans, sem ég og gerði, en er ég las hana var mér mjög brugðið þar sem mörg viðurnefni í bókinni eru einfaldlega hræðileg og í raun óskiljanlegt að þau hafi verið notuð í daglegu tali. En eftir samræður við foreldra mína, fjölskyldu og fleira fólk í Vestmannaeyjum komst ég að því að sumir einstaklingar sem bera viðurnefni sem fram koma í bókinni eru sáttir við þau og nota þau sjálfir. Ég veit þó að ef sum þessara viðurnefna myndu festast við mig og mitt nafn eða einhvern sem mér þykir vænt um myndi mér sárna mikið.

Heimildaskrá

- Aceto, M. (2002). Ethnic personal names and multiple identities in Anglophone Caribbean speech communities in Latin America. *Language in Society*, 31(4), 577–608. <https://doi.org/10.1017/s0047404502314040>
- Árni Árnason. (2012). *Eyjar og úteyjalf: Úrval verka Árna Árnasonar simritara frá Grund* (Erpur Snær Hansen, Kári Bjarnason, Marinó Sigursteinsson, & Sigurgeir Jónsson, Ritsj.). Sögufélag Vestmannaeyja.
- Bændablaðið. (2001, 30.janúar). Hvað segir um þetta í Krukkspá. *Bændablaðið*, 5.
- Bailey, B., & Lie, S. (2013). The Politics of Names among Chinese Indonesians in Java. *Journal of Linguistic Anthropology*, 23(1), 21–40. <https://doi.org/10.1111/jola.12003>
- Barnard, A. (2004). *History and theory in anthropology*. Cambridge University Press.
- Barnard, A., & Spencer, J. (2011). *Encyclopedia of social and cultural anthropology*. Routledge.
- Bourdieu, P. (2012). Structures, Habitus, Practices. In *Anthropological Theory : An Introductory History* (5. Útgáfa, pp. 492–508). McGraw-Hill.
- Brandes, S. H. (1975). the structural and demographic implications of nicknames in Navanogal, Spain¹. *American Ethnologist*, 2(1), 139–148. <https://doi.org/10.1525/ae.1975.2.1.02a00080>
- Collier, G. A., & Bricker, V. R. (1970). Nicknames and Social Structure in Zinacantan. *American Anthropologist*, 72(2), 289–302. <https://doi.org/10.1525/aa.1970.72.2.02a00040>
- Cowan, J. K. (2006). Culture and Rights after Culture and Rights. *American Anthropologist*, 108(1), 9–24. <https://doi.org/10.1525/aa.2006.108.1.9>

- Dane, J. K., & Griessman, B. E. (1972). The Collective Identity of Marginal Peoples: The North Carolina Experience. *American Anthropologist*, 74(3), 694–704.
<https://doi.org/10.1525/aa.1972.74.3.02a00330>
- Eyjar.net. (2017). *Það styttist í Lundaballið*. Eyjar.net. <https://eyjar.net/read/2017-09-01/thad-styttist-i-lundaballid/>
- Eyjar.net. (2022). *Þar sem lundinn er ljúfastur fugla - myndir*. Eyjar.net.
<http://eyjar.net/read/2022-04-29/thar-sem-lundinn-er-ljufastur-fugla-myndir/>
- Feinberg, R. (1983). What's in a Name? Personal Identity and Naming on Anuta. *Central Issues in Anthropology*, 5(1), 27–42. <https://doi.org/10.1525/cia.1983.5.1.27>
- Filippucci, P. (2016, September). *Landscape*. Cambridge Encyclopedia of Anthropology.
<https://www.anthroencyclopedia.com/entry/landscape>
- Foucault, M. (1981). The order of Discourse. In *Untying the text : a post-structuralist reader*. Routledge.
- Foucault, M. (2012). The Incitement of Discourse. In *Anthropological Theory: An Introductory History* (pp. 507–519). McGraw-Hill.
- Gabriele Vom Bruck, & Bodenhorn, B. (2006). *The anthropology of names and naming*. Cambridge University Press.
- Gísli Pálsson. (2017). *Fjallið sem yppti öxlum*. Mál og Menning.
- Gísli Valtýsson. (2016). *ÍBV íþróttafélag í 20 ár: Þar sem hjartað slær*. ÍBV Sport.
<https://d5hu1uk9q8r1p.cloudfront.net/ibvsport.is/skrar/skjol/ibv-i-20-ar.pdf>
- Guðjón Ármann Eyjólfsson. (1973). *Vestmannaeyjar : Byggð og Eldgos*. Ísafoldarprentsmiðja.
- Guðlaugur Gíslason. (1982). *Eyjar gegnum aldirnar*. Hólar.

- Hazel, Y. P. (2014). Sensing Difference: Whiteness, National Identity, and Belonging in the Dominican Republic. *Transforming Anthropology*, 22(2), 78–91.
<https://doi.org/10.1111/traa.12033>
- Heijnen, A. (2010). Relating through Dreams: Names, Genes and Shared Substance. *History and Anthropology*, 21(3), 307–319.
<https://doi.org/10.1080/02757206.2010.499909>
- Heimaslóð. (2008). *Goslokahátíðin - Heimaslóð*. Heimaslod.is.
<https://heimaslod.is/index.php/Goslokah%C3%A1t%C3%AD%C3%B0in>
- Heimaslóð. (2014). *Herjólfur*. Heimaslod.is.
<https://heimaslod.is/index.php/Herj%C3%B3lfur>
- Hjördís Sigursteinsdóttir. (2013). Einelti og líðan starfsfólks sveitarfélaga á tímum efnahagsþrenginga. *Veftímaritið Stjórnmal Og Stjórnsýsla*, 9(2), 439.
<https://doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.9>
- Hoffman, D. M. (1998). A Therapeutic Moment? Identity, Self, and Culture in the Anthropology of Education. *Anthropology Education Quarterly*, 29(3), 324–346.
<https://doi.org/10.1525/aeq.1998.29.3.324>
- ÍBV sport. (2021). *Prettándinn*. Ibv sport.is. <https://ibvsport.is/page/trettandinn>
- Ingibjörg Finnbogadóttir. (1983). Lundaveiði í Vestmannaeyjum. *Eyjaskinna*, 2.rit.
- Ingold, T. (1993). The temporality of the landscape. *World Archaeology*, 25(2), 152–174.
<https://doi.org/10.1080/00438243.1993.9980235>
- Mensah, E. (2017). Proverbial Nicknames among Rural Youth in Nigeria - ProQuest. *Proquest.com*, 59(4).
<https://www.proquest.com/docview/2161261147?parentSessionId=pqKhsR%2B1pn0Lxvr7rDYtj684DN75zrXC5fqANX5hrTk%3D&parentSessionId=z02W%2F1vWkVfjD%2BnjSfnne%2BJw6dhBKcs%2BG2GOn%2FJTk%2FM%3D&pq->

origsite=primo&parentSessionId=0nzBnugGQOqRW%2BsF9U5V0UkV8h%2F9
Y2pM7JJPxEXSNr4%3D

Ólöf Ragnarsdóttir. (2020, 31. ágúst). Lundapysjuveiðitímabilið í hámarki í

Vestmanneyjum. *Ríkisútvarpið*.

<https://www.ruv.is/frett/2020/08/31/lundapysjuveiditimid-i-hamarki-i-vestmanneyjum>

Pysjueftirlitið. (2020). *Upplýsingar*. Lundi.is.

<https://www.lundi.is/pysjueftirlit/upplysingar/>

Samanani, F., & Lenhard, J. (2019). *House and home*. Cambridge Encyclopedia of Anthropology. <https://www.anthroencyclopedia.com/entry/house-and-home>

Sara Sjöfn Grettisdóttir. (2016). Vestmannaeyjar öðlast kaupstaðarréttindi.

Vestmannaeyjabær í 100 Ár.

Sigurgeir Jónsson. (2003). Af AKP, gleymdum frídögum og Þjóðhátíð. *Þjóðhátíðarblað*

Vestmannaeyja 2003.

Sigurgeir Jónsson. (2008). *Viðurnefni í Vestmannaeyjum*. Bókaútgáfan Hólar.

Sigurgeir Jónsson. (2016). Emma Vídó, Daddi diskó og Halli tennisdómari (Edda Sif

Pálsdóttir, spyrill) [Viðtal]. Í *Landinn*. <https://www.ruv.is/frett/emma-vido-daddi-disko-og-halli-tennisdomari>

Sigurgeir Jónsson. (2020). *Vestmannaeyjar - af fólki og fuglum og ýmsu fleiru*. Hólar.

Skapti Örn Ólafsson. (2014). Ágrip af sögu Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum.

Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja 2014.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2022a). *Íslensk nútímamálsorðabók*.

Arnastofnun.is. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/17193>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2022b). *Íslensk nútímamálsorðabók*.

Arnastofnun.is. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/43506>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (2022c). *Íslensk nútímamálsorðabók*.

Arnastofnun.is. <https://islenskordabok.arnastofnun.is/ord/45622>

Þorleifur Einarsson. (1965). *Gosið í Surtsey*. Hólar.

Tígull. (2020, January 12). *Brotið var blað í sögu Úteyinga þegar kona gekk í Veiðifélag*

Bjarnareyinga. Tigull.is. <https://tigull.is/brotid-var-blad-i-sogu-uteyinga-thegar-kona-gekk-i-veidifelag-bjarnareyinga/>

Visit Vestmannaeyjar. (2022). *Visit Vestmannaeyjar - Visit Westman islands*.

Visitvestmannaeyjar.is. <https://www.visitvestmannaeyjar.is/is/vestmannaeyjar>

Willson, K. (2019). *Frásagnir af gælunöfnum*. Arnastofnun.